

# Stjórnarfundur FEB nr. 46 föstudaginn 26. nóvember 2021 kl. 13.00 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn; Sigurbjörg Gísladóttir, Ingibjörg Sverrisdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Viðar, Eggertsson, Geir A. Guðsteinsson, Ólafur Örn Ingólfsson og Kári Jónasson.

Mættir varamenn; Kolbrún Stefánsdóttir, Halldór Frímannsson og Finnur Birgisson. Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

## DAGSKRÁ:

1. Fundargerð 20. október 2021 samþykkt.
2. Erindi frá FebSel varðandi möguleika á breytingu á þinglýstum kvöðum sem hvíla á Eiðismýri 30. Stjórn FEB færir til bókar að ekki standi til að breyta núverandi kvöðum á Eiðismýri 30.
3. Erindi frá fulltrúum húsfélags Árskóga 1 og 3 þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum stjórnar FEB. Stjórn FEB ákvað að óska eftir nánari útskýringum á efni fundarins til að auðvelda aðilum undirbúning hans.
4. Fulltrúar húsfélags Skúlagötu 20 komu á fund með formanni og framkvæmdastjóra FEB. Þar var farið yfir kvaðirnar sem á húsinu hvíla og á þeim fundi var staðfest að þær kvaðir munu standa.
5. Formaður upplýsti stjórn um helstu verkefni sem eru í vinnslu innan LEB, þar á meðal var fjallað um útifund Gráa hersins á Austurvelli 29. okt. sl. í tengslum við málsókn hans og þótti útifundurinn takast vel.
6. Fréttir frá skrifstofu FEB, kynntar af framkvæmdastjóra. Sérstök athygli var vakin á tveimur FEB aðventuferðum til Berlínar um næstu mánaðarmót sem farnar eru í samvinnu við ferðaskrifstofuna Betri Ferðir. Þetta eru fyrstu FEB ferðir utanlands eftir að Covid skall á, en þær ætla að ganga upp þrátt fyrir nokkra óvissu um tíma.
7. Félagstíðindi FEB koma út í febrúar 2022 og er vinna hafinn við gerð blaðsins. Ritstjóri er Geir A. Guðsteinsson.
8. Ólafur Örn Ingólfsson vék af fundi áður en næsti dagskráliður var tekinn fyrir.
9. Formaður fulltrúaráðs Leigufélags aldraðra (LA), Halldór Frímannsson upplýsti um gang mála hjá LA.
10. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.10

Fundargerð ritaði Geir A. Guðsteinsson.

*Sigurbjörg Gísladóttir*  
*Ingibjörg Óskarsdóttir*  
*Viðar Eggertsson*  
*Geir A. Guðsteinsson*  
*Ólafur Örn Ingólfsson*  
*Kári Jónasson*  
*Kolbrún Stefánsdóttir*  
*Halldór Frímannsson*  
*Finnur Birgisson*  
*Dýrleif Guðjónsdóttir*